

Skipulags- og byggingarnefnd

FUNDUR – 27. janúar 2004

Fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd þriðjudaginn 27. janúar 2004 kl. 17,30 í félagsheimilinu. Mættir eru undirritaðir.

Dagskrá:

1. Erindi frá Olíufélaginu ehf. vegna Essoskála.
2. Erindi frá Jóhannesi Torfasyni.
3. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Fram var lagt erindi frá Olíufélaginu ehf., þar sem sótt er um leyfi til að rífa gamla skálann og byggja nýjan söluskála á sömu lóð, samkvæmt meðfylgjandi uppdráttum gerðum af Nýju Teiknistofunni ehf. Einnig er sótt um tilfærslu á dælum og uppsetningu á skyggni yfir dælur. Nefndin samþykkir erindi þetta með fyrirvara um samþykki Brunamálastofnunar.
2. Lagt var fram bréf undirritað af Jóhannesi Torfasyni fyrir hönd Ámundakinnar ehf. þar sem kynntar eru hugmyndir um að koma upp húsnæði fyrir ullarþvottastöð Ístex ehf.. Lögð voru fram drög að grunnteikningum til kynningar. Verið er að tala um norðurenda Votmúla og nýbyggingu þar við. Nefndin lýsir ánægju með hugmyndir þessar. Jafnframt var byggingarfulltrúa falið að kynna sér mengunarmál og brunavarnir varðandi hugmyndir þessar. Endanlegar teikningar verði yfirfarnar og samþykktar af Brunamálastofnun.
3. Önnur mál.
Lagt var fram bréf undirritað af bæjarstjóra þar sem sótt er um byggingarleyfi fyrir hönd bæjarins vegna þjónustuhúss í Brautarhvammi. Lagðar voru fram teikningar unnar af Gláma – Kím. Erindi þetta samþykkt án athugasemda.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Jón Sigurðsson
Guðmundur Ingbórsson
Bragi Árnason
Rolf Árnason

Fundir slitið.

Gauti Jónsson
Jakob Þór Guðmundsson
Hólmfríður Jónsdóttir